

Borgarfjarðarhreppur
Hreppsstofa
720 Borgarfjörður (eystri)

27. september 2018
UST201809-069/F.Á.T.
08.14.02

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt dags. 11. september sl. þar sem áformað var að áminna rekstraraðila vegna tveggja frávika sem skráð voru í eftirliti þann 26. júní 2018.

Frávikan eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.1 í starfsleyfi.** Skráningar fyrir 2017 skv. gr. 3.1. í starfsleyfi hafa ekki verið sendar til Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili skal taka saman upplýsingar og senda ársyfirlit fyrir 1. mars ár hvert.
Umhverfisstofnun hefur ekki borist framangreindar upplýsingar og er frávik frá gr. 3.1. í starfsleyfi því enn útistandandi. Óskað er eftir því að upplýsingarnar verði sendar stofnuninni.
- 2. Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður. Ekki stendur að hlið skuli vera læst en þau skulu vera lokað nema þegar starfsemi fer fram. Áður hefur verið gerð athugasemd um þetta atriði þar sem ummerki bentu til þess að aðilar aðrir en starfsmenn sveitarfélagsins fari inn á svæðið og losi óflokkaðan úrgang ofan í urðunarrein. Nauðsynlegt er að takmarka aðgang og þar með koma í veg fyrir ólöglega losun úrgangs.
Par sem Umhverfisstofnun hefur ekki borist upplýsingar um að bætt hafi verið úr fráviku, telst það enn til staðar. Stofnunin óskar eftir staðfestingu á því að bætt hafi verið úr fráviku og aðgangur að urðunarstaðinum sé takmarkaður.

Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna fráviksins til 25. september sl. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 11. október nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli rekstraraðila á því að Umhverfisstofnun hefur heimildir samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt kröfum sínum. Stofnunin getur m.a. lagt á dagsektir og stöðvað starfsemi.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Skv. 2. mgr. 4. gr. laganna er kærufrestur til nefndarinnar einn mánuður frá því ákvörðun þessi berst rekstraraðila. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 79.200.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Frigg Thorlacius í síma 591-2000 eða með tölvupósti á friggt@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst

frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Gunnlaug Einarsson
Gunnlaug H. Einarsdóttir
sviðsstjóri